



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 9. mars 2015

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum til undirbúnings fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þingskjal 725 – 466. mál.

Vinna við fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) gengur hægt og lítils metnaðar gætir hjá stjórnvöldum varðandi mannréttindi fatlaðs fólks. Það sýnir sig meðal annars í því að 151 ríki Sameinuðu þjóðanna hafa fullgilt SRFF og er Ísland eitt fjögurra Evrópuríkja sem hafa ekki fullgilt hann ennþá (sjá heimasíða SP, mars 2015 <http://bit.ly/1aQ4iB2>).

Íslendingar hafa löngum lítið á sig sem talsmenn mannréttinda og skýtur því skökku við að tryggja ekki mannréttindi fatlaðs fólks með því að fullgilda samning sem fjallar um réttindi þess til jafns við aðra í samfélaginu. Þann 30. mars 2007 var opnað fyrir undirritun SRFF hjá Sameinuðu þjóðunum og undirrituðu 120 ríki ásamt Evrópusambandinu samninginn við það tækifæri, Ísland var eitt þessara ríkja og hefur því haft átta ár til að fullgilda SRFF.

Flyta verður ferli fullgildingar SRFF þannig að frumvarp til laga fari fyrir Alþingi í síðasta lagi á haustþingi 2015. Öruggt er að þverpólitísk samstaða er um fullgildinguna á Alþingi.

Við fögnum því að unnið sé að breytingu á lögum til undirbúnings fullgildingu SRFF og erum ekki með athugasemdir varðandi þær breytingar sem fram koma í frumvarpinu.

Öryrkjabandalag Íslands er reiðubúið að koma að vinnu við fullgildingu samningsins sé þess óskað.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,

Ellen Calmon,
formaður Öryrkjabandalags Íslands